

Balsamterpentína

Leysiefni

Efnislýsing

Balsamterpentína er rokgörn kjarnaolía unnin úr barrtrjám. Balsamterpenína er blanda af hringlaga terpena vetniskolefni, aðallega α -pinen ($C_{10}H_{16}$). Hún inniheldur, líkt og tjaran, marga efnispætti sem tréð þarfnast til að vernda sig sem best.

Notkun

Balsamterpentína er leysiefni sem brotnar niður í náttúrunni og er notað til að þynna trétjöru, línolíu, málningu o.fl. Efnið leysir líka fitu og óhreinindi af flötum sem skal mála. Balsamterpentína þrífur vel og er sóttþreinsandi, en hún er laus við vatn og útfellingar.

Þegar bera skal á við má nota gamla uppskrift sem segir að blanda skuli þriðjungji af balsamterpentínu á móti þriðjungji af trétjöru og þriðjungji af soðinni eða hrárrí línolíu. Þegar balsamterpentína er notuð til að þynna litaða tjöru verður flöturinn fyrr snertipurr og mattur.

Heilsufars- og umhverfismál

Ekki láta málningardósina standa opna meðan á verki stendur. Þrífið verkfæri strax eftir notkun. Athugið að kviknað getur í olíublautum tuskum og tvisti af sjálfu sér og verður að bleyta þær með vatni áður en þeim er hent á öruggan stað.

Hellið ekki málningar- og hreinsiefnaleifum í niðurföll. Skilið efnaleifum og tómum umbúðum til endurvinnslustöðva.



Tæknilegar upplýsingar

Til notkunar: Utanhúss

Tegund: Jurtaterpentína

Litur: Litlaus, rokgjarn vökvi

Pakkningar: 1l. flaska

Varúð: Eldfimt, ertandi og hættulegt við inntöku. Eitrað fyrir vatnalíf.